

# Áætlun um móttöku barns af erlendum uppruna

## Skilgreining hugtaka

### *Börn af erlendum uppruna*

Þegar talað er um börn af erlendum uppruna er átt við börn sem flutt hafa til Íslands og dvelja á landinu tímabundið eða til frambúðar með fjölskyldum sínum eða hafa einhvern tíma haft erlent ríkisfang. Börnin eru ýmist fædd erlendis eða hér á landi.

### *Móðurmál*

Með móðurmáli er átt við það tungumál er barn lærir fyrst, það/þau tungumál sem talað/töluð eru af þeirri fjölskyldu sem barn elst upp hjá. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál.

### *Viðbótarmál*

Viðbótarmál kallast það/þau tungumál sem barn lærir næst á eftir móðurmáli. Á Íslandi er íslenska annað/þriðja tungumál barna af erlendum uppruna.

### *Tvítýngd/fjöltýngd börn*

Tvítýngdur einstaklingur talar tvö tungumál og fjöltýngdur er sá sem talar þrjú eða fleiri tungumál.

### *Fjölmennningarlegt samfélag*

Í fjölmennningarlegu samfélagi leika og starfa mismunandi einstaklingar hlið við hlið. Þeir standa jafnfætis, bera gagnkvæma virðingu hver fyrir öðrum og vinna saman að uppbyggingu hins fjölmennningarlega samfélags leikskólans.

### *Starfsmenn*

Þegar talað er um starfsmenn í þessari áætlun gildir einu hvort um er að ræða leikskólakennara, annað uppeldismenntað fólk eða leiðbeinendur. Þar sem allir starfsmenn leikskólans koma að uppeldi og kennslu barnanna og foreldrasamvinnu er eitt hugtak notað yfir allan hópinn.

## Móttökuferli

Leikskólabyrjun barns af erlendum uppruna getur verið mikið álag fyrir barnið og foreldra þess. Því þarf að tryggja þessum börnum móttöku og stuðning við hæfi. Kynna þarf foreldrum vel ferli leikskólabyrjunar barnsins og sýna þeim skólahúsnæðið og alla aðstöðu. Starfsmenn ættu að leggja áherslu á góða samvinnu við foreldra og vekja traust strax við fyrstu kynni.

Þeir þættir sem geta haft áhrif á aðlögun barns er fyrri reynsla barnsins af því að vera aðskilið frá foreldrum sínum, persónuleiki barnsins og sjálfstraust, hlýja og virðing starfsfólksins fyrir einstaklingnum og heimilisaðstæður og stuðningur fjölskyldu. Ef um tvítýngt barn er að ræða getur þar að auki haft áhrif á aðlögun þess hversu lengi það hefur verið búsett á Íslandi og þekking kennara á menningarlegum bakgrunni barnsins. Hver aðlögun ætti að miðast við barnið sem í hlut á. Stundum

er þörf á að fara hægar í sakirnar, sérstaklega ef um er að ræða barn sem er að fara frá foreldrum sínum í fyrsta sinn eða er að heyra íslensku í fyrsta sinn. Á meðan á aðlögun stendur þarf að hvetja foreldra til að tala móðurmál sitt við barnið. Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir önnur mál og kunnátta í því veitir barninu öryggi.

## Upplýsingar og gögn sem foreldrar fá við upphaf leikskólagöngu

Þegar leikskóladvöl er staðfest af foreldrum þarf að kanna hvort þanta þurfi túlk og fyrsta heimsókn er tímasett. Í sumum tilvikum getur þurft að fá símatúlkun.

Í fyrstu heimsókn fá foreldrar kynningu á leikskólanum og fá afhent gögn sem eru til á tungumáli foreldranna eða annað sem gæti nýst foreldrum til upplýsingar. Deildarstjóri tekur fyrsta viðtal við foreldra með túlki og þá er ákveðið hvenær barnið byrjar í aðlögun og hvernig hún fer fram.

## Fyrsta viðtal við foreldra

Foreldrar og deildarstjóri fara yfir umsóknareyðublað Barnaborgar og neyðarkort, þar sem ákveðnar grunn upplýsingar koma fram. Upplýsingar og gögn sem foreldrar þurfa að fá við upphaf leikskólagöngu barns af erlendum uppruna eru einnig afhentar. Upplýsingarnar þurfa að vera sem mest skriflegar. Séu þær ekki til skriflegar á viðkomandi tungumáli, verður skólinn að tryggja að túlkur þýði þær fyrir foreldrana.

Í fyrsta viðtali er:

- ákveðið hvernig samskiptum við heimilið verði háttað í framtíðinni.
- Símanúmer og netfang leikskóla og leikskólustjóra afhent
- útskýrt hvernig foreldrar verða látnir vita ef skólahald fellur niður vegna veðurs og/eða ófærðar.
- skriflegur listi á viðeigandi tungumáli afhentur yfir hvað barnið þarf að hafa meðferðis í leikskólann, t.d. útiföt.
- fengnar bakgrunnsupplýsingar um barnið, almennur þroski, mögulegar greiningar, félagsleg staða.
- rætt um heilsufar barns og matarvenjur
- tímasetning næsta fundar ákveðin.
- beðið um ljósmyndir af fjölskyldu barnsins, uppáhalds leikfang eða annað sem róar barnið og eykur öryggiskennd.

Hugmyndir að fleiru sem þarf að kynna:

- Skóladagatal.
- Hvert foreldrar eiga að snúa sér með spurningar og þælingar varðandi barnið og leikskólann.
- Hvernig og hvenær foreldrar eiga að tilkynna forföll barns og hvenær barnið ætti ekki að koma í leikskólann t.d. vegna veikinda.
- Reglur um vistunartíma, gjaldskrá leikskólans, rafræn skólagjöld.
- Heimasíðu leikskólans og upplýsingar sem þar er að finna.
- Foreldrafundur og viðburðir á vegum skólans.

## Túlkapjónusta

Mikilvægur þáttur í að stuðla að góðu samstarfi leikskóla og foreldra af erlendum uppruna er aðgengi að túlkapjónustu. Leikskólinn leitast við að útvega túlk. Túlkur er bundinn þagnarskyldu við störf sín og er hlutlaus aðili. Ef óskað er eftir túlki þarf að koma fram hvaða tungumál foreldrar tala því ekki nægir alltaf að vita upprunaland heldur þarf að vita móðurmál viðkomandi.

### Nokkrar leiðbeiningar um viðtöl með túlki:

- Ávarpaðu og talaðu beint við viðmælanda þinn í fyrstu persónu, ekki túlkinn.
- Mundu að túlkurinn á aðeins að túlka, ekki láta í ljós álit sitt á viðmælanda þínum eða öðrum atriðum viðtalsins.
- Talaðu skýrt og notaðu stuttar setningar.
- Sýndu þolinmæði ef túlkurinn þarf að fá nánari útskýringar á einhverjum atriðum viðtalsins.

### Hlutverk túlks:

- Túlkur er óháður og tekur ekki afstöðu.
- Túlkur á að túlka allt sem sagt er í viðtalinu.
- Túlkur hefur ekki leyfi til að koma með sínar eigin skoðanir, ráðleggingar, athugasemdir eða bæta neinu frá eigin brjósti og hafa þannig áhrif á viðtalið.
- Túlkur skal ekki láta í ljós álit sitt á þeim aðilum sem túlkað er fyrir.

## Undirbúningur

Áður en barn hefur leikskólagöngu er brýnt að allir starfsmenn í leikskólanum kynni sér leiðir fyrir barnið til að skilja og gera sig skiljanlegt. Það er hægt að gera á ýmsan hátt t.d.:

- undirbúa myndrænt skipulag sem tengist athöfnum og viðfangsefnum í daglegu starfi leikskólans.
- nota tákni með tali
- búa til myndræna samskiptabók milli leikskóla og heimilis
- læra nokkur ákveðin lykilorð á móðurmáli barnsins

**Mikilvægt er að leggja áherslu á öryggi og vellíðan barnsins.** Barn sem kemur inn í nýtt málumhverfi þarf sveigjanleika og tíma til að aðlagast nýjum og ókunnnum aðstæðum og ná góðum tengslum við starfsfólk leikskólans.

## Eftirfylgni

- Tryggja að annað foreldraviðtal fari fram með túlki u.þ.b. mánuði eftir inntöku barns.
- Kynna foreldrafélagið og hvernig foreldrar geta tengst því.
- Svara spurningum foreldra sem kunna að hafa vaknað.
- Endurmeta daglegar samskiptaleiðir, hvað virkar, hvað virkar síður.
- Kynna stöðu og líðan barnsins í leikskólanum.
- Fá upplýsingar um líðan barnsins og fleira frá foreldrum.
- Upplýsa foreldra um bækur og efni sem verið er að lesa í leikskólanum.
- Hvetja til lestrar heima fyrir og samræðna um bækur og myndir á heimamáli.

## Skólaumhverfi, kennsluefni og málörvun tvítyngdra barna

Leikskólinn gegnir lykilhlutverki í íslenskunámi tvítyngdra barna og allir starfsmenn leikskólanna eru mikilvægir í kennslu í íslensku sem öðru máli.

- Setja upp *velkomin* spjald á ýmsum tungumálum við innganginn í leikskólann.
- Leggja áherslu á myndrænt nám fyrir orðaforða og lesskilning, tengja texta og mynd.
- Setja orð á alla hluti og athafnir. 24/10 mínútna reglan, hver starfsmaður setji sér það markmið að tala við hvert barn í að minnsta kosti 10 mínútur á dag:  
[https://erlendir.akmennt.is/wpcontent/uploads/2019/02/Gefdu\\_10\\_Baeklingur\\_Frida\\_rvik.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wpcontent/uploads/2019/02/Gefdu_10_Baeklingur_Frida_rvik.pdf)
- Fjöltýngissamskiptabók: bók sem fer reglulega milli heimilis og skóla og er byggð á áhugasviði, upplifun og reynslu barnsins í daglegu lífi.
- Mikilvægt er að starfsmenn séu meðvitaðir um að tala á eðlilegan hátt við barnið án þess að hækka röddina eða einfalda málið of mikið.
- Leggja áherslu á samskipti og samræður allra í leik og starfi.
- **Leitið að skilaboðum í barnabókum:** gátlisti til þess að nota við að meta barnabækur út frá fjölmenningarlegu sjónarhorni  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/allir\\_med/leit\\_ad\\_skilabodum\\_i\\_barnabokum.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/allir_med/leit_ad_skilabodum_i_barnabokum.pdf)
- **Sól-bækurnar:** Í þeim eru hugmyndir og tillögur að leikjum til að styrkja og efla ákveðna þætti málþroska.
- **Orðaleikur** er námsefni sem getur nýst á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna. Námsefnið miðar að því að kenna grunnorðaforða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð. <https://ordaleikur.msha.is/>
- **Orðaforðalisti Menntamálastofnunar** er hugtakalisti sem hægt er að hafa til hliðsjónar þegar unnið er að orðaforðaeflingu með börnum á leikskólaaldri:  
<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/>
- **Tungumál er gjöf** er stuðningsefni fyrir leikskólakennara til að skipuleggja starfið með börnunum í leikskólanum og styðja foreldra við að efla mál og læsi barna sinna á heimavelli.  
<https://www.tungumalergjof.com/>

- **Orðaspjallsaðferð** gefur möguleika á því að auðga sögustundir og gefur börnum tækifæri til þess að læra ný og fjölbreytt orð sem ekki verða á vegi þeirra í daglegu tali. Orðaspjall á að framkvæma með það í huga að börn læri ekki ný orð eingöngu með því að heyra þau, heldur einnig með því að ræða um orðið, heyra það og nota í fjölbreyttu samhengi.
- **Þemavinna**, til dæmis könnunaraðferðin, þar sem unnið er út frá fyrir fram ákveðnu verkefni eða hugtaki þar sem orðakennsla er höfð að leiðarljósi. Þekking barnsins er dýpkuð á tilteknu viðfangsefni. Leiklist, söngur og annað tjáningarform sem vekur áhuga barnanna.

## Tenglar í gagnlegt efni

<https://fjolmenning.kopavogur.is/leikskolar/>

[https://fjolmenning.kopavogur.is/wp-content/uploads/sites/18/2020/05/handbok\\_leikskolar\\_20\\_5\\_2020.pdf](https://fjolmenning.kopavogur.is/wp-content/uploads/sites/18/2020/05/handbok_leikskolar_20_5_2020.pdf)

[https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnirammar\\_isl\\_fjolyngd\\_4\\_-\\_leikskoli.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/haefnirammar_isl_fjolyngd_4_-_leikskoli.pdf)

[https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna\\_uppsett.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/fjolmenningarstefna_uppsett.pdf)

<https://2021.reykjavik.is/allir-med/fjolmenningarlegt-leikskolastarf>

<https://skemman.is/bitstream/1946/600/2/Lj%3%a1%c3%b0u%20m%c3%a9r%20or%c3%b0%20-Or%c3%b0ab%c3%b3k.pdf>

[https://2021.reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/allir\\_med/p09.03.221\\_velkloka.pdf](https://2021.reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/allir_med/p09.03.221_velkloka.pdf)

<https://furugrund.kopavogur.is/library/Files/fjolmenningarstefna-leikskola-kopavogs.pdf>

<https://www.arborg.is/media/leidbeiningar/Fjolmenningarleg-menntun-i-Sveitarfelaginu-Arborg-27.januar-2021.pdf>

[https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/L\\_sisstefna\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf)